

Mánudagurinn 23. mars 1998 kl. 12:15

109. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 7/1998

**Erindi Steinprýði ehf. vegna samkeppnishindrana
Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins**

I.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 26. nóvember 1997, frá Valgarði Briem, hrl., í umboði fyrirtækisins Steinprýði ehf. Fyrirtækið hefur starfað við þróun, framleiðslu og sölu á sementsefnum, til frágangs á steinsteypu og viðgerða á steypuskemmdum í yfir 25 ár og eru framleiðsluvörur þess viðurkennd efni, sem eru jafngóð því besta á markaðnum í dag, segir í erindinu.

Kvartandi telur að óeðlilega sé staðið að útboðum og útboðsskilmálum opinberra aðila, þegar um sé að ræða hliðstæða vöru við þá, sem hann framleiðir. Hann telur að í útboðsskilmálum hins opinbera, sé að þarflausu vísað til tiltekinnar nafngreindrar framleiðslu og bendir í því sambandi á ákvæði í tilskipun ráðsins 93/37/EBE þar sem slíkar tilvitnanir séu bannaðar nema í vissum tilvikum, sem kvartandi telur ekki vera til staðar.

Ennfremur segir að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) hafi gefið út fjölda tæknirita og verklýsinga til viðgerða, viðhalds og varna á múr- og steinsteypu m.a. ritið „Viðgerðir og viðhald, verklýsingabanki, iðngrein 02: Múrverk – Steinsteypa“, útgefið í maí 1993, í prentuðu máli og á tölvudiskum. Bók þessari hafi verið dreift til allra opinberra aðila auk einkaaðila, sem vinna við gerð verklýsinga á þessu sviði. Meginþorri allra verk- og útboðslýsinga, sem gerðar hafi verið frá útgáfu verklýsingabankans hafi verið sniðnar eftir honum. Ástæðan sé sú að Rb hafi tekið á sig alla ábyrgð á efnum og verklýsingum með þessari útgáfu og þar með undanþegið þá hönnuði sem nota efni, sem vitnað er til í verklýsingabankanum frá ábyrgð á eigin verkum. Af einhverjum ástæðum séu verklýsingar fyrir múrviðgerðir í verklýsingabanka

Rb þannig að aðeins sé einum framleiðslu- og söluaðila efna til múrviðgerða og vörumerkjum hans haldið fram. Það sé margítrekað í verklýsingabankanum að merking Rb sýni hvaðan verklýsingin sé komin og að hún sé viðurkennd af Rb, þó svo að fjöldi annarra efna til sömu nota séu jafnframt samþykkt og viðurkennd af Rb.

Rb hafi einnig gefið út verklýsingabanka fyrir utanhússmálningu og viðhald, en þar sé efnisframleiðendum og söluaðilum ekki mismunað.

Kvartandi krefst þess að innkallaðar verði allar efnislýsingar, verklýsingar og forskriftir þar sem tiltekin eru vörumerkin ÍMÚR og SEMKÍS og aðferðir tengdar þeim hvar sem þær er að finna í verklýsingabanka Rb eða öðrum bókum og útboðslýsingum hvort sem er í prentuðu máli eða á tölvutæku formi. Þannig verði komið í veg fyrir að misnotkun af þessi tagi endurtaki sig.

2.

Með erindinu fylgdi formáli að „verklýsingabanka,“ og fimm blöð úr verklýsingum Rb fyrir múrviðgerðir merkt: 02.003, 02.007, 02.033, 02.150, 02.070, dags. í maí 1993.

Formálinn er svohljóðandi:

„Í þessari möppu eru gefnar út verklýsingar fyrir viðgerðir á steinsteypu. Verklýsingarnar eru unnar af verkfræðistofunni Línuhönnun hf. en yfirfarnar og samþykktar af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Alls er um að ræða 142 verklýsingar fyrir algengar viðgerðir á hinum ýmsu byggingarhlutum. Verklýsingarnar munu verða endurskoðaðar árlega og nýjar gefnar út.

Meginmarkmið með þessari útgáfu er að gefa út vel skilgreindar og viðurkenndar verklýsingar varðandi viðgerðir á steinsteypu sem aðilar byggingariðnaðarins geta nýtt sér. Með tilkomu þessa verklýsingasafns er vonast til að ófullkomnar eða rangar verklýsingar hverfi af markaðnum og verklýsingar hinna ýmsu aðila verði samræmdar. Slikt ætti að koma öllum til góða, ekki síst ráðgjöfum, verktökum og eigendum mannvirkja, og stuðla að auknum gæðum og endingu viðgerða.

Auk þessarar möppu verða tilsvareandi möppur gefnar út fyrir tréverk og einnig málningu og yfirborðsmeðhöndlun á steinsteypu. Flokkunarkerfið er í samræmi við atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar. Þannig hefur hver verklýsing sitt

númer. Tveir fyrstu stafirnir tákna viðkomandi atvinnugrein en hinir þrír er einföld númeraröð.

Verð og kostnaðarbanki Línuhönnunar er tengdur verklýsingabankanum. Ekki er ráðgert að gefa hann út á vegum Rb en á hinn bóginn er hann fáanlegur hjá Línuhönnun. Auk útgáfu í möppum verða verklýsingarnar einnig fáanlegar á disklingum.

Yfir hverri verklýsingu er auður reitur í miðju. Notkunin er hugsuð þannig að ráðgjafi sem er að útbúa verklýsingar fyrir ákveðið verk getur fjölfaldað viðkomandi verklýsingar beint úr bankanum með sínu nafni. Merking Rb sýnir hvaðan verklýsingin er komin og að hún er viðurkennd af Rb.

Ljóst er að góð ending viðgerða er háð því fyrst og fremst að viðgerðaraðferðirnar séu í samræmi við orsakir skemmda. Það er ráðgjafans að skoða viðkomandi mannvirki, meta það og ákveða hvers konar viðgerða er þörf og hvaða efni á að nota. Staðlaðar verklýsingar auðvelda honum einungis lýsingu á framkvæmd viðkomandi viðgerða og stuðla að samræmingu milli ráðgjafa. Þannig geta verktakar notað sömu aðferðir við viðgerðir, óháð því hvaða ráðgjafi á í hlut, en einmitt það er mjög mikilvægt til þess að stuðla að réttum og góðum vinnubrögðum við framkvæmd, auk þess að það auðveldar verulega allt eftirlit. Annar kostur er sá að auðveldara verður að meta reynslu af ákveðnum viðgerðaraðferðum og endurbæta þær eða draga þær til baka ef árangur reynist ófullnægjandi.

Óskir um útgáfu þessa koma frá Meistara- og verktakasambandi byggingamanna og nokkrum ráðgefandi verkfræðistofum á þessu sviði. Það er von þeirra sem að útgáfunni standa að hún komi að miklu gagni og stuðli að framförum á sviði viðgerða og viðhalds. Á því er mikil þörf, bæði vegna þess að um er að ræða tiltölulega nýja atvinnugrein þar sem fagþekking er takmörkuð, og einnig vegna þess að viðhaldsþörf fer vaxandi og mun væntanlega nema milljörðum árlega, a.m.k. í náinni framtíð.“

Þær fimm verklýsingar, sem fylgdu með erindinu, eru svipaðar að uppbyggingu og í þeim öllum er bent á mismunandi gerðir af efninu Semkís til múrviðgerða. Sem dæmi er hér tekin verklýsing 02.003, „Múrviðgerð á flötum með akrýlblandaðri múrlögum.“ Verklýsingin er í sjö tölusettum greinum. Í fyrstu þremur greinum er lýst hvernig meðhöndla skuli múrskemmdina fyrir viðgerð. Í næstu fjórum greinum stendur:

„Grunna steypusárið með sementsvellingu skv. verklýsingu nr. 02.210. Blanda akrýl (t.d. Semkís Akrýl 100 eða samsvarandi) í vatnið í hlutföllunum akrýl/vatn = 1/3.

Draga múrblöndu skv. verklýsingu nr. 02.210 í blautan grunninn og byggja upp í lögum. Blanda akrýl (t.d. Semkís Akrýl 100 eða samsvarandi) í vatnið í hlutföllunum akrýl/vatn = 1/5. Nota skal undirákast ef viðgerð er þykkari en 20 mm.

Ganga frá viðgerðinni í samræmi við yfirborðið í kring.

Halda fletinum vel rökum í minnst 7 daga, eða sprauta strax með steypuþekju (t.d. Semkís A100 eða öðru samsvarandi).“

II.

Málsmeðferð

1.

Erindið var sent Rb til umsagnar með bréfi, dags. 17. desember. Umsögn barst, dags. 6. janúar. Þar segir að umræddir verklýsingabankar hafi verið gefnir út áður en umrædd EES gerð var gefin út og aldrei hafi borist athugasemd til Rb vegna þeirra. Í öllum tilvikum þar sem vísað sé í ákveðin vörumerki fylgi setningin „eða samsvarandi.“

Mikil og ör þróun hafi orðið á sviði steypuviðgerða undanfarin ár þar sem í vaxandi mæli sé farið að nota tilbúin verksmiðjuframléidd viðgerðarefni í stað múrlagana, sem blandaðar eru á staðnum. Slíkum efnum hafi fjölgað mjög undanfarin ár. Þessi tilbúnu viðgerðarefni séu margvísleg að gerð og styrkleika, og hafi breytilega eiginleika, t.d. séu þau mismunandi gróf, þétt og rýrni mismikið. Eiginleikar þeirra skipti sköpum varðandi val viðgerðarefna í hverju tilviki. Vegna þessa hafi allvíða verið vísað í viðgerðarefni sem hentar í viðkomandi tilviki sem dæmi um hvers konar viðgerðarefni átt sé við og sagt „eða samsvarandi“. Slíkt hafi verið mjög algengt við útboðslýsingar.

Viðgerðir og viðhald húsa hafi ekki verið til sem faggrein og þekking þeirra sem gerðu forskriftir að viðgerðum og þeirra sem framkvæmdu þær hafi til skamms tíma verið ófullnægjandi enda löngum áberandi hversu endingarlitlar

steypuviðgerðir séu. Flokkunarkerfi fyrir steypuviðgerðarefni hafi ekki verið til og því ekki verið unnt að vísa til efnisflokka eins og t.d. sé gert í verklýsingabankanum um málningu. Það sé fyrst nú á seinustu árum sem viss sérhæfing hafi átt sér stað á þessu sviði. Leiðandi aðili í gerð forskrifta og þjálfun framkvæmdaaðila hafi verið verkfræðistofan Línuhönnun hf., en annar stofnandi hennar hafi öðlaðist mikla þekkingu á steypuskemmdum og viðgerðarmálum er hann starfaði sem sérfræðingur á því sviði hjá Rb. Hafi fyrirtækið lagt fram verklýsingabanka sinn til almennrar notkunar fyrir aðra með því að heimila Rb útgáfu hans eftir að stofnunin hafði yfirfarið allar verklýsingar og sannreynt að þær væru í samræmi við skoðanir sérfræðinga Rb á þessu sviði. Útgáfan hafi verið gerð í samráði við alla helstu ráðgjafa á sviðinu og samtök iðnaðarmanna.

Rb sé hlutlaus rannsóknastofnun sem vinni með aðilum byggingariðnaðarins að framfaramálum. Verklýsingabankarnir hafi verið stórt skref til framfara á sínum tíma. Stofnunin muni ð fengnum þeim aðfinnslum sem hér um ræðir yfirfara verklýsingar sínar og kanna hvort ekki sé unnt að komast hjá því að vísa til vörumerkja í þeim. Ef það takist á fullnægjandi hátt muni stofnunin í vetur gefa út endurskoðaðar lýsingar og senda áskrifendum sínum með ósk um að þær verði notaðar í stað eldri útgáfa.

2.

Kvartanda var send umsögn Rb til athugasemda með bréfi, dags. 7. janúar. Lögmaður kvartanda óskaði eftir fundi með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar, sem var haldinn 21. janúar. Í framhaldi af þeim fundi sendi lögmaðurinn frekari upplýsingar og athugasemdir með bréfum, dags. 16. og 17. febrúar.

Þar segir m.a. að Steinprýði hafi gefið út fjölda bæklinga um undirbúning, blöndun og ásetning Thoro efna og haldið fjölda námskeiða fyrir fagmenn og fræðimenn á þessu sviði og verið þeir fyrstu sem gerðu slíkt hér á landi. T.d. hafi Steinprýði gefið út prentaðar leiðbeiningar um steypuviðgerðir árið 1992 og þar hafi verið miðað við staðla og kröfur Efnahagsbandalagsins. Af þessu megi vera ljóst að allmikil þekking hafi verið til staðar, þegar Rb gaf út áður nefndar leiðbeiningar árið 1993.

Ennfremur segir að fyrirtækið telji vafalaust að unnt sé að gera útboðslýsingar á þann hátt að ekki þurfi að stangast á við reglugerð um innkaup samkvæmt reglu EB í tilskipun nr. 93/37/EBE og því óþarfi að lýsa efni og vinnu á því sviði sem

hér um ræðir, eins og gert hafi verið í ýmsum opinberum útboðslýsingum. Verkfræðistofan Hönnun hf. hafi tjáð sig reiðubúna til þess að gera verklýsingar sem ekki stangist á við EB reglugerðina. Í bréfi frá Hönnun, dags. 10. febrúar til Steinprýði segir:

“Varðar: Verklýsing fyrir steypuviðgerðir með tilbúnum viðgerðarblöndum.

Í verklýsingum er oft gripið til þess að fyrirskrifa einstaka efni eða hluti með tilvísun til ákveðinnar framleiðslu. Slíkt á að vera óþarfi við verklýsingar fyrir t.d. steypuviðgerðir. Þegar fyrirskrifað er að nota tilbúna viðgerðarblöndu þarf fyrst og fremst að setja fram gæðakröfur til blöndunnar. Slíkar kröfur geta eftir atvikum tekið til efnasamsetningar blöndunnar (t.d. kornastærð, treffja og litar), styrkleika hennar (t.d. hörðununarhraða, þrýstipols, beygjutogpols og fjaðurstuðuls) og haldgæða (t.d. alkalivirkni, verðrunarpols, rakadrægni, rýrnun og viðloðun við undirlag).

Hönnun hf. er reiðubúin að aðstoða við gerð slíkrar verklýsingar.”

Kvartandi ítrekar fyrri kröfur sínar um að útboðslýsingar Rb verði innkallaðar og nýjar sendar út með endurskoðuðu orðalagi í lýsingu á efni og vinnu á því sviði sem hér um ræðir hvort sem þessar bækur eru á tölvudiskum eða ekki. Einnig að formáli að verklýsingunni verði endurskoðaður.

3.

Athugasemdir kvartanda voru sendar Rb til athugasemda með bréfi, dags. 27. febrúar. Svar barst, dags. 4. mars. Þar segir:

„Við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er unnið að endurskoðun verklýsinga í verklýsingabanka stofnunarinnar, þannig að ekki verði vísað til vörumerkja í þeim. Jafnframt verður formáli endurskoðaður. Endurskoðaðar verklýsingar verða sendar áskrifendum ekki seinna en í apríl n.k. og þær eldri innkallaðar.“

4.

Samkeppnisstofnun leitaði umsagnar Félags ráðgjafarverkfræðinga vegna erindisins með bréfi, dags. 22. janúar. Svar barst, dags. 3. mars. Þar segir:

„Stjórn Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) hefur fjallað um erindi Samkeppnisstofnunar sbr. ofangreint bréf, þar sem óskað er eftir álitum félagsins á verklýsingum, og formála fyrir þeim, sem Rannsóknarstofnun byggingar-

iðnaðarins gefur út. Einkum er óskað álit á þremur tilgreindum, tölusettum, atriðum varðandi málefnið.

FRV telur ekki tilefni til þess að láta í té almennt álit á umræddum verklýsingum og formála fyrir þeim heldur leitast við að láta uppi álit sitt á hinum tölusettu atriðum í bréfi Samkeppnisstofnunar. Að auki er rétt að taka fram að FRV telur einungis eitt hinna þriggja tölusettra atriða sérstaklega tengjast verkfræðiráðgjöf, tæknilegum möguleikum eða venjum á því sviði. Hin atriðin tengjast að mati félagsins fyrst og fremst almennum sjónarmiðum varðandi jafna samkeppni, opinberan rekstur og lögfræði. FRV mun hins vegar láta í té skoðun sína varðandi öll atriðin.

- 1. Ábending um að verð- og kostnaðarbanki Línuhönnunar sé tengdur við verklýsingabankann í (4. mgr. í formála).*

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins er opinber stofnun með ákveðið hlutverk sbr. 53. gr. laga nr. 64/1965. Með hliðsjón af því er að mati stjórnar FRV óeðlilegt að viðskiptasamband við einn aðila á þröngum markaði sé sérstaklega auglýst eða tilgreint á þann máta sem hér er gert. Auk þess ef Rb telur það samrýmast hlutverki sínu skv. lögum að láta í té ábendingar um verð og kostnað er eðlilegt að það sé gert í nafni stofnunarinnar.

- 2. „Merking Rb sýnir hvaðan verklýsingin er komin og hún er viðurkennd af Rb.“ Er þarna verið að taka ábyrgð af væntanlegum verktaka, þar sem Rb tekur á sig alla ábyrgð á verklýsingunni? (5. mgr. í formála).*

Hér virðist álitaefnið vera hvort verktaki sem vinnur skv. verklýsingu úr banka Rb losni að einhverju leyti undan skaðabótaábyrgð á sínu verki ef forskrift lýsingarinnar er fylgt. Að mati FRV er hér fyrst og fremst um lögfræðilegt úrlausnarefni að ræða þar sem til skoðunar kemur samband verkkaupa við hugsanlegan ráðgjafa auk verktaka. Í 6. mgr. formálans er tekið fram að það sé ráðgjafans að meta og „ákveða hvers konar viðgerða er þörf og hvaða efni á að nota. Staðlaðar verklýsingar auðvelda honum einungis lýsingu á framkvæmd...“. Notkun staðlaðra verklýsinga frá Rb virðist þannig ekki breyta neinu varðandi hugsanlega skaðabótaábyrgð aðila.

- 3. Í verklýsingunum eru tiltekin ákveðin vörumerki. Eru vandkvæði á því að lýsa þessum efnum með tækniforskriftum, þannig að komist verði hjá því að tiltaka vörumerki?*

Að mati FRV eru ekki vandkvæði á að lýsa umræddum efnum með tækniforskriftum. Benda má á til hliðsjónar meginreglu í stefnu ES og íslenska ríkisins varðandi tilgreiningu á ákveðnum vörumerkjum í útboðum. Lýsing með tækniforskriftum kostar meiri vinnu og gerir meiri kröfur til þeirra sem vinna skv. verklýsingu. Að mati FRV á hins vegar að gera slíkar kröfur ef unnt er þar sem sú röksemd að einfaldara sé að sleppa tæknilegri útlistun felur í sér að það vörumerki sem nefnt er í dæmaskyni verður oftast notað.“

5.

Umsögn FRV var send Rb til upplýsinga með bréfi, dags. 3. mars.

III.

Niðurstöður

1.

Í því máli, sem hér er til umfjöllunar kvartar fyrirtækið Steinprýði ehf., sem er framleiðandi og seljandi sementsefna til viðgerða og frágangs á steinsteypu og steypuskemmdum yfir því að vísað sé að þarflausu til tiltekinnar framleiðslu í útboðum og útboðsgögnum opinberra aðila. Steinprýði bendir á að í verklýsingum Rb fyrir múrviðgerðir, sem meginþorri allra verk- og útboðslýsinga sé byggður á, sé eingöngu haldið fram framleiðslu eins aðila og hafi þetta skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækisins á markaðnum.

2.

Í greinargerð Rb vegna málsins segir að flokkunarkerfi fyrir steypuviðgerðarefni hafi ekki verið til og því ekki unnt að vísa til efnisflokka eins og t.d. sé gert í verklýsingabanka um málningu. Það sé fyrst nú á síðari árum sem viss sérhæfing hafi átt sér stað á þessu sviði. Ennfremur segir í greinargerð Rb að stofnunin muni, að fengnum þessum aðfinnslum, yfirfara verklýsingar sínar og kanna hvort ekki sé unnt að komast hjá því að vísa til vörumerkja í þeim.

Í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 5. mars segir Rb að endurskoðaðar verklýsingar verði sendar áskrifendum ekki seinna en í apríl n.k. og þær eldri innkallaðar. Jafnframt verði formáli endurskoðaður, en Steinprýði gerði athugasemdir við hann.

3.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hlutverk hennar er m.a. að kynna niðurstöður rannsókna og veita upplýsingar um byggingarfræðileg efni og aðstoða við eftirlit með byggingarefnum og byggingarframkvæmdum. Stofnunin er hlutlaus rannsóknastofnun, sem vinnur með aðilum byggingariðnaðarins að framfaramálum.

Í máli þessu liggur fyrir að í verklýsingum Rb fyrir múrviðgerðir eru tilgreind ákveðin vörumerki „eða samsvarandi“, sem henti til viðkomandi verkefnis.

Í 6. lið 10. gr. tilskipunar ráðs EB nr. 93/37/EBE, sem er hluti af EES-samningum, kemur fram að aðildarríki skuli leggja bann við því að tækniforskriftir, þar sem nefndar eru vörur af sérstakri gerð eða frá sérstökum framleiðanda eða vörur búnar til samkvæmt sérstakri aðferð, séu teknar upp í ákvæði tiltekins samnings, þannig að ákveðnum fyrirtækjum sé hyglað en önnur útilokuð, nema efni samnings réttlæti slíkar tækniforskriftir. Einkum er bannað að vísa til vörumerkja, einkaleyfa, gerða, sérstaks uppruna eða framleiðslu. Slíkar tilvitnanir skuli þó leyfa ef yfirvöld sjá enga aðra leið til þess að lýsa efni samnings með tækniforskriftum, en þá skal fylgja orðalagið „eða jafngildur“.

Í reglugerð nr. 302 frá 1. júní 1996, um innkaup ríkisins segir í 25. gr. m-lið:
„Ekki má vísa til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu, nema engin önnur leið sé til að lýsa efni útboðs með tækniforskriftum sem eru nógu nákvæmar eða skilmerkilegar fyrir alla viðkomandi aðila, enda fylgi slíkri tilvitnun orðalagið „eða jafngildur“.

Að mati Félags ráðgjafarverkfræðinga eru ekki vandkvæði á því að lýsa þeim efnum sem fram koma í verklýsingum Rb með tækniforskriftum. Þetta er einnig mat verkfræðistofunnar Hönnunar hf., eins og fram kemur í bréfi verkfræðistofunnar til Steinprýði. Í bréfi RB frá 5. mars er í reynd tekið undir þessa skoðun Félags ráðgjafarverkfræðinga og Hönnunar hf.

4.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Þessu markmiði skal náð m.a. með því að vinna gegn samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum. Í 17. gr. samkeppnislaga er samkeppnis-

yfirvöldum veitt heimild til þess að grípa til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Með heimild í þessu ákvæði geta samkeppnisyfirkvöld í tilvikum sem þessum gripið til aðgerða gagnvart athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um þær aðgerðir, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 24/1995.

Eins og fram hefur komið hefur Rb í verklýsingum fyrir múrviðgerðir tilgreint ákveðin vörumerki þrátt fyrir að unnt sé að lýsa viðkomandi efnum með tækniforskriftum. Ljóst þykir að þessi háttsemi Rb er í brýnni andstöðu við tilgang tilskipunar ráðs EB nr. 93/37/EBE og reglugerðar nr. 302/1996. Þessi háttsemi leiðir til þess að þau vörumerki sem nefnd eru sem dæmi í verklýsingum Rb eru oftast notuð í tilboðum. Það er greiðasta leiðin og sú ábyrgðarminnsta fyrir tilboðsgjafa. Hætta er á því að samkeppnisstöðu annarra framleiðenda og innflytjenda á efnum til múrviðgerða sé stórlega raskað með þessari háttsemi Rb.

Í formála að verklýsingabanka Rb fyrir múrviðgerðir er bent á að verð- og kostnaðarútreikningar frá tilgreindri verkfræðistofu séu tengdir við verklýsingabankann. Þarna er þeim sem bankann nota bent á þjónustu tilgreindrar verkfræðistofu enda þótt margar fleiri verkfræðistofur séu á markaðnum. Það er mat samkeppnisráðs að þetta sé til þess fallið að draga úr samkeppni milli verkfræðistofa auk þess að stuðla að samræmingu á verð- og kostnaðarútreikningum tilboðsgjafa og draga þannig úr samkeppni.

Rb er að lögum ætlað að vera hlutlaus rannsóknastofnun, sem vinnur með aðilum byggingariðnaðarins að framfaramálum. Það verður því að gera þá kröfu til stofnunarinnar að aðgerðir hennar eftir föngum gagnist fyrirtækjum sem tengjast byggingariðnaði jafnt og keppinautum sé ekki mismunað. Vegna þess trausts sem Rb nýtur sem hlutlaus aðili getur það haft verulega skaðleg áhrif á samkeppni ef Rb gætir ekki í aðgerðum sínum jafnræðis milli keppinauta.

Í ljósi þess alls er það mat samkeppnisráðs að ábending um tilgreint vörumerki í verklýsingum frá Rb og ábendingar um þjónustu tiltekinnar verkfræðistofu hafi skaðleg áhrif á samkeppni á markaðnum í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

5.

Í bréfi til Samkeppnisstofnunar hefur Rb lýst því yfir að stofnunin muni senda endurskoðaðar verklýsingar til áskrifenda verklýsingabankans fyrir múrviðgerðir þannig að ekki verði vísað til vörumerkja í þeim og jafnframt verði formáli endurskoðaður. Með hliðsjón af eðli þessa máls og til þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði telur samkeppnisráð engu að síður nauðsynlegt að taka bindandi ákvörðun vegna erindis Steinprýði ehf.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirmælum til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins:

Allar efnislýsingar, verklýsingar, forskriftir og hvers konar upplýsingar sem stofnunin hefur gefið út vegna viðgerða á steinsteypu þar sem tiltekin eru vörumerki í dæmaskyni, en unnt er að lýsa efninu með tækniforskriftum, eða þar sem bent er á tilgreind fyrirtæki til viðskipta, hvort sem er í prentuðu máli eða á tölvutæku formi, verði innkallaðar fyrir 1. maí 1998.

Þess skal vandlega gætt að leiðbeiningar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, í hvaða formi sem þær eru, séu þannig úr garði gerðar að þær mismuni ekki þeim fyrirtækjum sem á markaðnum starfa eða þeim efnum sem á markaðnum eru.“